

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 14. tbl. 7. árg. 13. nóvember

Myndir augnabliksins eru frá opnun sýningar nemenda í 1. og 2. bekk Hríseyjarskóla en sýningin stendur yfir í Júllabúð.



Fréttir frá Síðuskóla.

SMT skólafærni í Síðuskóla.

Síðast liðið vor lauk innleiðingu á SMT skólafærni í Síðuskóla sem hófst árið 2006. Nú er Síðuskóli orðinn sjálfstæður SMT skóli og var útskrifaður sem slíkur í maí 2013 þegar SMT fáninn var dreginn að húni með pompi og prakt. Á hverju skólaári hefur verið settur einn SMT dagur inn á skóladagatalið, þó unnið sé í anda stefunnar á degi hverjum. Í ár eða þann 1. nóvember var unnið með eitt af þremur einkunnarorðum skólans, vináttuna, en hin eru ábyrgð og virðing. Árgangar blönduðust, spiluðu og léku sér saman úti og inni. Á myndunum má sjá að dagurinn hefur tekist vel.



Tilraunaverkefnið „Lestrarömmur“ í Síðuskóla.

Síðasta vetur hófst viðræður deildarstjóra skólans við fulltrúa eldri borgara í Síðuhverfi um vilja þeirra til að koma í skólann og aðstoða kennara við að láta nemendur lesa, útskýra texta þegar þörf er á, segja sögur o.fl. Auglýsingar voru settar upp í félagsaðstöðu eldri borgara og voru nokkrar konur tilbúnar að leggja skólanum lið. Það var svo þann 29. okt. síðastliðið að fyrstu „lestrarömmurnar“ komu í skólann og aðstoðuðu í 2., 3. og 4. bekk. Börnin tóku þeim mjög vel og fannst mjög spennandi að fá að lesa hjá þeim og í einum bekknum myndaðist biðröð hjá þeim.

Lestrarömmurnar eru boðnar hjartanlega velkomnar í skólann og eiga þær þakkir skildar fyrir að gefa af tíma sínum og vonast er til að samstarfið verði öllum til gagns og gamans eins og fyrsta heimsókn þeirra gaf fyrirheit um.

Lífsleikni í leikskóla.

Kennslufnið „Lífsleikni í leikskóla“ er afrakstur 3ja ára þróunarverkefnis leikskólanna Krógabóls, Síðusels og Sunnubóls og byggir á tólf dygðum sem lagðar eru til grundvallar í lífsleiknikennslu.

Ein dygd er tekin fyrir á hverri önn og er hún höfð sem rauður þráður í öllu starfi leikskólans. Dygdavísar eru sendir heim til barnanna en hlutverk þeirra er að útskýra dygdina og gefa hugmyndir að verkefnum tengdum henni.

Athugið orðið dygd er skrifað með einu g, að hætti sumra íslenskra heimspekinga og er það þá dregið af orðinu dugur.

Teikið af heimsíðu Tröllaborga: <http://trollaborgir.akureyri.is/lifsleikni/Dygdir.htm>

Á næstu vikum munum við skoða dygdirnar nánar og sjá hvort þetta er ekki eitthvað sem við fullorðna fólkið ættum að rifja upp.

Skodum dygdina hjálpsemi, hvað er hjálpsemi og hvernig eigum við að nota hana?

Hjálpsemi er að verða öðrum að liði, gera gagnlega hluti sem geta skipt sköpum. Smáviðvik geta gert lífið auðveldara og skemmtilegra.

Hjálpsemi snýst um að gefa fólki það sem það þarfnast, ekki einungis það sem það vill. Þeir tímar koma að okkur finnst við vera hjálparvana. Á þannig stundum eigum við að biðja um hjálp. Við eigum það skilið. Við temjum okkur hjálpsemi með því að vera vakandi fyrir þörfum annarra. Við þörfumst oft hjálpar til að mæta þörfum okkar eða koma hlutum í framkvæmd. Ef við veitum ekki hvert öðru hjálp þá væri engin samvinna. Öll þörfumst við einhvern tíma hjálpar, hvort sem við erum að læra eitthvað nýtt eða ef við erum að vinna erfitt verk og þurfum á styrk eða hugmyndum annarra að halda. Stundum þurfum við aðeins vin til að tala við. Þegar fólk sýnir hjálpsemi þykir því vænt hverju um annað. Hjálpsemi auðgar líf okkar og gerir það skemmtilegra. Þegar fólk kemur saman og hjálpast að er hægt að framkvæma stórkostlega hluti.

Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Nýtt efni frá Námsgagnastofnun.

Eðlis- og stjörnufræði 1.

Eðlisfræði fyrir unglingastig. Hér eru fyrstu tveir kaflarnir í nýju námsefni í eðlisfræði. Í þeim er farið í mælingar, krafta og orku.

<http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=a207e4e0-bacb-4df6-a96f-8ba986abf6f3>

Höfundar: Haukur Arason, Kjartan Örn Haraldsson og Sverrir Guðmundsson.

Ítaliúskrift 4A.

Markmið skriftarnámsins er að nemandinn þjálfist í skrift sem nýttist honum vel í skólastarfinu og í daglegu lífi síðar meir. Í bókunum er lögð áhersla á að skrift er hreyfing og farið frá auðveldu kroti til stæðilegrar rithandar. Aðaláherslan er á skriftarhreyfinguna, litlu stafina og tengingu þeirra en tengingin eykur flæði skriftarinnar. Bókin er ætluð jafnt réttthentum sem örvhentum nemendum.

Höfundar: Freyja Bergsveinsdóttir og Gunnlaugur SE Briem.

Kveikjur – Textabók.

Nýtt námsefni í íslensku fyrir unglingastig grunnskóla. Námið í þessari bók snýst um leik, sköpun, skynjun, söfnun og rannsóknarvinnu á tungu-málinu og samfélaginu. Markmiðið er að nemendur fái tilfinningu fyrir mismunandi hlutverki og virkni orða og eflist þannig í íslenskunni.

Námsmatíð fer fram jafnt og þétt allan veturinn og stærri verkefnum er safnað í möppu. Með bókinni fylgir verkefnabók. Þar eru sum verkefni af öðrum toga en í þessari bók. Ætlast er til að bækurnar séu unnar samhliða.

Höfundar: Davíð A. Stefánsson og Sigrún Valdimarsdóttir.

Myndefni: Lára Garðarsdóttir.

Sjá nánar á vef Námsgagnastofnunar: <http://www.nams.is/>

Baráttudagur gegn einelti þann 8. nóvember

er haldinn að frumkvæði verkefnastjórnar um aðgerðir gegn einelti. Þá er þjóðin hvött til að standa saman gegn einelti í samfélaginu, ekki sist í skólum og á vinnustöðum. Allir eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að einelti fái ekki þrífist í samfélaginu og skólar, samtök og vinnustaðir eru hvattir til að beina sjónum að jákvæðum samskiptum, jákvæðum skólabrag og starfsanda.

Í skólum bæjarins var ýmislegt gert til að minna á mikilvægi þess að standa saman gegn einelti.

Í Gíljaskóla samdi nemendaráð skólans eineltissáttmála fyrir skólann og bauð síðan öllum nemendum og starfsfólki að skrifa undir hann. Nemendaráðið kallaði til fundar á sal skólans og spjallaði við nemendur um einelti og hvað hægt væri að gera til að sporna við því og mikilvægi þess að segja frá ef einelti á sér stað. Einnig lásu þau upp texta sem helgaður var vináttunni.

Nemendur Hriseyjarskóla gengu fylktu liði í öll fyrirtæki eyjarinnar. Þar sungu þeir fyrir starfsfólk vináttulög og gáfu öllum vinnustöðunum mynd sem unnin var af yngstu nemendum skólans til að minna á verðmæti vináttunnar.



Dagur íslenskrar tungu.

Frá árinu 1996 hefur fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar 16. nóvember verður dagur íslenskrar tungu. Í framhaldi af því hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það. Með því móti beinist athygli þjóðarinnar að stöðu tungunnar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu.

Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskunnar eru veittar þennan dag og víða er dagskrá helguð íslenskrri tungu. Í grunn- og leikskólum er dagurinn haldinn hátíðlegur með ýmsu móti, sungin eru lög við texta eftir Jónas og rætt um mikilvægi tungumálsins.

Í ár ber daginn upp á laugadag og er því föstudagurinn 15. nóvember víða haldinn hátíðlegur.

Íslendingar hafa verið hvattir til að draga íslenska fánann að hún á degi íslenskrar tungu.

Á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins má sjá nánari upplýsingar um daginn, dagskrá, hugmyndabanka fyrir kennara og ýmislegt fleira: <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/>